

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Eyja- og Miklaholtshreppur  
Jökull Helgason,  
skipulags- og byggingafulltrúi  
Hofstöðum  
311 Borgarnes

Reykjavík, 3. mars 2008  
Tilvísun: UST20080100115/ksj

**Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hrísdals I og II í Eyja- og Miklaholtshreppi**


Vísað er til erindis Jökuls Helgasonar skipulags- og byggingarfulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps, dagsett 21. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á lóðum undir frístundabyggð í landi Hrísdals I og II. Um er að ræða 5 lóðir undir frístundahús. Lóðirnar eru misstórar þ.e. 2 þeirra eru 3 hektarar og 3 eru 1 hektari. Áður var stundaður hefðbundinn landbúnaður á jörðunum, en hefur verið aflagður. 3 lóðanna undir frístundahús eru utan í gömlum túnnum, en 2 eru staðsettar á óröskuðu svæði. Skipulagið er óvenjulegt að því leyti að lóðirnar eru nokkuð dreifðar um land Hrísdals I og II. Samkvæmt skipulagstillögunni getur hvert hús verið allt 400 fermetrar að stærð og allt að 8 metra hátt.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við erindið

Þar sem jörðin Hrísdalur liggur upp að Straumfjarðará vill Umhverfisstofnun benda á að samkvæmt 23. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er ekki heimilt að setja girðingu á vatnsbakka eða eins og segir í 23. greininni "*Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.*" Einnig þarf að gæta þess að framkvæmdir fari aldrei nær árbakka en 50 metrar eða eins og segir í skipulagsreglugerð nr 400/1998 í grein 4.15.2 Vötn, ár og sjór "*Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim*".

Í greinargerð með deiliskipulagsupprætti kemur fram að frárennsli sé samkvæmt 29. grein reglugerðar 941/2002 sem er reglugerð um hollustuhætti. Umhverfisstofnun bendir á að reglugerð nr. 798/1999 sem er reglugerð um fráveitur og skólþ er sú reglugerð sem yfirleitt er miðað við í tengslum við rotþrær og siturlagnir í frístundabyggðum en þær þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir og er þær að finna á heimasíðu stofnunarinnar ([www.ust.is](http://www.ust.is)). Á endanlegan skipulagsupprátt skal merkja staðsetningu rotþróa.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Hjalti J. Guðmundsson  
Sviðsstjóri

Afrit Skipulagsstofnun